1/1

# Komið þið sælar!

Sigrún Clausen

Mig langar til að byrja á að segja hér smásögu úr heimilislífi mínu. Ég á 4 syni og eina dóttur sem í daglegu tali bræðranna var bara nefnd stelpan, en svo vandaði ef til vill að fá pressaðar buxur þessa stöku eða eitthvað þess háttar þá allt í einu hét stelpan Guðfinna mín eða jafnvel elsku Guðfinna. „Nú er ég góð," sagði hún þá. Þetta tók ég nú sem vanalegar erjur milli systkina. Nú rak að því að ég þurfti að fara að vinna líka utan heimilis. Ég ~~þ~~ fékk vinnu í frystihúsi. Nóg var að gera enda í byrjun vertíðar. Við unnum ýmist til kl. 7 eða 11. Allar þekkjum við nú hvernig gengur að láta tímann endast heima til að sinna þó ekki sé nema nauðsynlegustu störfum. Hver þekkir ekki ~~spurnig~~ spurningar í þessum dúr: „Hvað! Er ekkert til með kaffinu!" „Rennilásinn á úlpunni minni er bilaður." „Það er gat á vettlingnum mínum." Við herðum upp hugann og í okkar bjartsýni á að gera þetta allt á kvöldin. Svo einsog til að herða

II

sig upp er farið út í fjárhagsáætlun.
og nú er þessi búinn að fá peysu næsti
buxur, rafmagnið greytt nýbúið að
fylla olíutankinn. Já hugsa ég með mér
nú skal ég svo sannarlega kaupa sjálfri
~~meir~~ mér eitthvað næst þegar ég fæ útborgað.
Efni í blússu, buxur eða bara nýjan varalit.
En viti menn! Þegar ég fer út vinnu tveimur
dögum seinna er búið að setja upp miða
sem á stendur. Kallað næst! Við nánari
athugun kemur í ljós að það eru konur
og aðeins konur, sem eiga að vera heima.
Þar rauk draumur minn um jafnvel
bara varalit út í loftið. En það sem
er verra að kyngja er að nú getur
stelpan eða konan bara átt sig
þar til fiskur kemur næst þá verður kallað
í hana. Og það er afturgenginn gamli
heimilisdraugurinn sem ég sagði frá í
upphafi. Nú við konur töltum bara heim
og steypum okkur út í að vinna upp
öll verkefnin sem hafa hrúgast upp.
Við hugsum okkur að nú skulum við
vera duglegar að koma öllu í lag
heima fara svo ef til vill í bókasafnið.
En vanalega ~~en~~ er nú komið kall um

III

að mála í vinnu fyr heldur en draumurinn um ferð í bókasafn nær að rætast. Svo rennur upp árið 1974 og nú er mikið um að vera. Samningar og meiri samningar og nú kemur kauptrygging fyrir fólk í fiskvinnu. En þá hvín úr mörgum áttum. „Nú eru frystihúskerlingarnar orðnar útlanoar, vilja fá kaup fyrir að vera heima." Við reynum að koma því á framfæri að þetta sé nú fyrir karlmenn líka en svarið er að þeir hafi nú alltaf vinnu. Þá er reynt að útskýra að við biðjum ~~ek~~ engan um að ~~f~~ gefa okkur neitt aðeins að fá atvinnuöryggi einsog annað fólk. Hver hefir heyrt að konur t.d. í banka, símstöð, skrifstofu eða úr mjólkurbúð, ~~þegar mjólk~~ séu sendar heim og aldrei er talað um t.d. bankakerlingar heldur konur í banka. Þennan móral hef ég aldrei skilið því mér finnst við allar jafn mikilvægar hvar sem við vinnum heima og heiman. Síðan tekur við mikið stríð og þóf að fá kauptrygginguna framgengt. 19 júní er hin fyrst undirrytuð sem sagt narri fjórum mánuðum eftir.

samninga. Og nú er nóg að gera þó komi dagar sem ekki er til fiskur. Við lögum til þróum, pönnur, borð og lista, sem er hreint engin vanþörf á. Og ánægjan og vissan um að hafa sína 8 tíma dagvinnu tryggða bætir mikið sálarástandið. Nú er líka hugað um að hagræða komu togaranna og geymslu fisksins svo alltaf sé einhver vinna. Ástandið gjörbreyttist. Á mínum vinnustað hafa 3 dagar aðeins fallið úr á tímabilinu frá 19 júní. Og voru þeir greiddir sem kauptryggingadagar. Ég hef beint öllu mínu tali að kauptryggingunni því við sjáum í hendi okkar að í dag er hún það sem við konur í fiskvinnu þurfum fyrst og fremst að standa saman um og reyna t.d. að fá uppsagnarfrestinn lengdan. Og að lokum. Í daglegu tali er fiskur og fiskvinna nefnt undirstöðu-atvinna þjóðarinnar, en hvert er kaup konu í fiskvinnu. Eftir ~~eins árs~~ tíu ára starf 234,10 kr. á tímann 1872,80 kr. á dag. 9364 kr á viku og hækkað ekki þó hún vinni alla æfi í fiskvinnu. Hvað getum við svo veitt okkur umfram það nauðsynlegasta? Raunverulega ekkert. En þó kemur fyrir að

VI

við stöndumst ekki freistingarnar t.d.

Mig hefur lengi langað að kaupa mér ljóðabók Steins Steinars. Lét það eftir mér á dögunum. Hún kostaði 2240 kr. Ég var einn dag og rúmlega 1½ tíma að vinna fyrir henni. Þetta gerum við okkur að góðu vegna þess að ~~meginið~~ flestar af konum í fiskvinnu eru húsmæður sem eru að reyna að drýgja tekjur ~~bóndans~~ heimilisins.

Nú í tilefni kvennaárs skulum við byrja á því fyrst og fremst að meta okkur sjálfar. Segja ekki oftar: „Ég vinn ekkert ég er bara heima", Eða: „Ég vinn bara í fiski". Þá og þá fyrst förum við að fá ~~okkur metnar~~ einhverju áorkað.

Takk fyrir.

Sigrún Clausen